

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 112 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 9. ágúst 2022 kl. 12:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Agnes Einarsdóttir, Helga Kristín Kolbeins, Sigurbergur Ármannsson, Sæunn Magnúsdóttir, Rannveig Ísfjörð og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri. Guðlaugur Friðþórsson boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Á dagskrá fundarins voru sex dagskrárliðir:

1. **6 mánaða uppgjör.**
Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur fyrstu 6 mánuði 2022. Honum er þökkuð yfirferðin.
2. **Júlí -helstu tölur.**
Framkvæmdastjóri kynnti rekstrartölur júlímánaðar og upplýsti að met hafi verið slegið í farþegaflutningum þann mánuðinn.
3. **Starfsmannamál.**
Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.
4. **Fundur með Vegagerðinn.**
Framkvæmdastjóri fór yfir fund sem hann og stjórnaformaður sátu með Vegamálastjóra m.a. þann 7. júlí sl.
5. **Markaðsmál.**
Framkvæmdastjóri lagði til að Herjólfur framlengi auglýsingasamning sinn í samvinnu við ferðamálasamtökin í Vestmannaeyjum um tvö ár.

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða.

6. **Önnur mál.**
Engin önnur mál.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 13. september 2022 kl.16:00.

Ekki annað rætt, fundi slitið kl. 13:00.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.